

BSRB lýsir andstöðu við frumvarp um Ríkisútvarpið

Stjórn BSRB lýsir eindreginni andstöðu við frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið. Ef frumvarpið verður að lögum mun það skerða kjör og réttindi starfsmanna og er einboðið að upp munu koma mál sem nauðsynlegt verður að útkljá fyrir dómstólum. Samkvæmt stjórnarfrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinni aðkomu starfsfólks að stjórnkerfi stofnunarinnar eins og verið hefur allar götur frá byrjun níunda áratugar síðustu aldar. Aðkoma starfsfólks að framkvæmdanefnd RÚV byggir á kjarasamningum á milli BSRB og fjármálaráðherra frá því í ágúst 1980. BSRB lýsir furðu á að engin tilraun hafi verið gerð til að ræða við fulltrúa Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins eða BSRB um fyrirhugaðar breytingar svo forða mætti augljósum slysum. Stjórn BSRB hvetur ríkisstjórnina til þess að draga frumvarp sitt til baka og leita eftir breiðri samstöðu um þær breytingar sem nauðsynlegt kann að vera að gera á stofnuninni. Frumvarp ríkisstjórnarinnar er hins vegar fullkomlega óásættanlegt.